

Skýrsla stjórnar Skotíþróttafélags Kópavogs, starfsárið 2022

Aðalfundur fór fram 16.febrúar 2023. Stjórn félagsins er sem hér segir:

Friðrik Goethe, formaður
Bjarki Þór Kjartansson, varaformaður
Mörður Áslaugarsson, gjaldkeri
Sigurður Ingi Jónsson, ritari
Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Meðstjórnandi

Varamenn:

Hálfdán Ragnar Guðmundsson

Starf Ársins

Störf stjórnar félagsins einkenndust af Covid og framkvæmdum í aðstöðunni okkar. Stjórn félagsins tók samt sem áður þátt í eftirfarandi verkefnum og viðburðum:

Framkvæmdirnar

Eins og vel má sjá þá var farið í víðamiklar úrbætur á aðstöðunni okkar, en það sem hrinti því af stað var að loftræstikerfið var úr sér gengið og þurftið fara í miklar framkvæmdir við að endurnýja það kerfi svo iðkendur gætu æft í félaginu án þess að eiga hættu á blýeitrun.

Það var ekki það eina sem var gert í framkvæmdunum en bæði var plássið okkar stækkað og hljóðvist bætt til muna í aðstöðunni okkar. Einnig fórum við í ýmislegt viðhald og gerðum það sem við gátum til þess að aðstaðan myndi nú líta út í samræmi við úrbæturnar.

Nýjar skotgildrar í loftsal

Keyptar voru nýjar gildrar í loftsalinn sem fóru upp í framkvæmdunum í félaginu. Nýju gildrurnar eru með mun nákvæmari skynjara, en þær notast við ljósgeisla sem ná að meta stefnu ásamt stað sem skotið lendir í og lætur vita ef það er skotið af rangri braut.

Vinnustofa með Skyting.no

Við fengum til okkar fulltrúa frá Norska Skotsambandinu til þess að halda vinnustofu um þróun Skotíþróttafélaga, en það var fyrsta skrefið í okkar samstarfi við Norska Skotsbandið.

Á þeirri vinnustofu fengum við að kynnast starfi og stöðu þeirra íþróttar í Noregi og við ásamt öðrum félögum sem við buðum að taka þátt fengum innsýn í það hvert okkur langar að stefna í framtíðinni.

Nýjir Búningar félagsins

Stillt var upp nýjum keppnisbúningum félagsins á árinu.

Tókum upp Sportabler

Við færðum félagatalið okkar úr Felix yfir í Sportabler og getum nú sett upp æfingaplan í Sportabler og tekið við greiðslum með íþróttastyrk flestra sveitarfélaga, en það er í vinnslu að klára samninga við þau öll á næstu dögum.

Árangur félagsmanna

Í eftirfarandi skotgreinum félagsmanna Skotíþróttafélags Kópavogs var þetta það sem markverðast þótti í þessari samantekt fyrir síðastliðið tímabil árið 2022.

Íslandsmeistararitlar

Loftpistola 10m - Íslandsmeistari: Ívar Ragnarsson

Lið kópavogs skipaði sér einnig í öll verðlaunasætin og urðu því íslandsmeistarar í liðakeppni með töluberðum yfirburðum. Liðið var einnig skipað Jóni Þóri Sigurðssyni og Bjarka Sigfússyni.

Standard pistola 25m - Íslandsmeistari: Ívar Ragnarsson

Einnig varð lið Kópavogs Íslandsmeistari. Liðið var ásamt Ívari, skipað þeim Joseph T. Foley sem hreppti annað sætið og Guðna Sigurbjarnasyni sem var í fimmta sæti.

Sport Pistola 25m - Íslandsmeistari: Ívar Ragnarsson

Íslandsmeistarar liða var lið Kópavogs sem var skipað þeim Ívari, Friðrik Goethe og Joseph T. Foley.

Grófpistola 25m - Íslandsmeistari: Ívar Ragnarsson

Íslandsmeistarar liða voru Kópavogsmennirnir Ívar Ragnarsson, Friðrik Goethe og Þórir Ingvarsson.

Enskur Riffill 50m - Íslandsmeistari: Jón Þór Sigurðsson

Jón Þór setti nýtt Íslandsmet, 627.5 stig. Var það jafnframt þriðja Íslandsmetið sem hann setti á því tímabili.

Íslandsmeistaramótí í 300m liggjandi riffil var frestað um óákveðinn tíma, en Kópavogsmenn eru enn bjartsýnir á að mótið verði haldið og að liðsmönnum muni ganga vel.

BR50 Heavy Varmint Ungliðaflokki - Íslandsmeistari: Hólmgeir Örn Jónsson

Hólmgeir Örn Jónsson setti jafnframt glæsilegt Íslandsmet, 720 stig.

Í Sporter flokki hreppti svo Bjarni Valsson þriðja sæti á Íslandsmeistaramótinu.

Af keppendum Skotíþróttafélags Kópavogs í keppnum á erlendri grundu er þetta helst (í tímaröð).

Lapua European Cup 300m Uppsala Sweden - 21.maí

Jón Þór Sigurðsson endaði í 7. sæti af 25 keppendum í undanúrslitum.

Lapua European Cup 300m Uppsala Sweden - 22.maí

Jón Þór Sigurðsson endaði í 19. sæti af 25 keppendum í úrslitum.

Lapua European Cup 300m Aarhus Denmark - 22.júní

Jón Þór Sigurðsson endaði í 12. sæti af 34 í undanúrslitum

Jón Þór Sigurðsson endaði í 18. sæti af 18 í úrslitum.

Lapua European Cup 300m Zagreb Croatia - 29. Júlí

Jón Þór Sigurðsson endaði í 28. sæti af 30 í úrslitum.



Saman fóru þeir svo Ívar Ragnarsson og Jón Þór Sigurðsson á **Norðurlandameistaramót Kouvola Finland** í byrjun ágúst

Ívar Ragnarsson:

25m grófpistola - 4.ágúst

13. sæti af 14.

25m stöðluð pistola - 5.ágúst

16. sæti af 21.

10m Loftpistola - 6.ágúst

10. sæti af 15.

Jón Þór Sigurðsson:

25m grófpistola - 4.ágúst

12. sæti af 14.

25m stöðluð pistola - 5.ágúst

15. sæti af 21.

50m Enskur riffill - 4.ágúst

8. sæti af 22.

Jón Ingi Kristjánsson fór svo á

World Rimfire Championship Volmerange-les-Mines France í september

Liðakeppni, Ísland-B - 14.-15. Sept

Jón ingi endaði í 18. sæti af 34.

Einstaklingskeppni

Jón ingi endaði í 96. sæti af 110.

Á sama tíma var Jón Þór á

European Championship Wroclaw Poland

50m Enskur riffill - 15.sept

Jón Þór endaði í 43. sæti af 61 (hæsta skor í enskum riffli sem skotið hefur verið erlendis af Íslending.)

Svo í október fór Jón þór á

World Championship Cairo Egypt

300m liggjandi riffill - 26. Okt

Jón Þór endaði í 17. sæti af 36.